

SKILMÁLAR

Hér á eftir fara skilmálar þeir sem gilda um notkun og aðgang að Signet login. Signet login er kerfi í eigu og rekstri Advania Ísland ehf. („Advania“) eins og aðrar þjónustur Signet (sameiginlega vísað til sem Signet „Signet“). Um þjónustu Signet gilda einnig almennir viðskiptaskilmálar Advania. Skilmálar Signet teljast sértækir viðskiptaskilmálar gagnvart almennum viðskiptaskilmálum Advania. Almennu viðskiptaskilmála Advania má finna á heimasíðu Advania, www.advania.is. Um þjónustu Signet gildir einnig persónuverndarstefna Signet. Persónuverndarstefnu Signet má finna á heimasíðu Signet, www.signet.is. Skilmálar Signet eru gefnir út þann 12. febrúar 2025 og gilda frá þeim degi.

GILDISSVIÐ OG GILDISTAKA

Skilmálar þessir eru sérstakir notendaskilmálar á milli Advania og notanda, og veitir notanda takmarkað leyfi til notkunar á Signet í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem hér eru sett fram. Skilmálar þessir taka gildi gagnvart áskrifanda og notanda þegar viðkomandi samþykkir skilmála á vef Signet þá eða þegar aðili notar kerfið í fyrsta sinn, sá atburður sem fyrr kemur. Ef notandi samþykkir þessa skilmála fyrir hönd lögaðila staðfestir hann að hafi stöðuumboð eða aðra heimild til að skuldbinda lögaðilann og skulu skilmálar þessir þá bæði gilda fyrir lögaðilann og fyrir þann sem aðganginn nýtir.

UM SIGNET LOGIN

Signet login er stöðluð hugbúnaðarlausn sem gerir notendum kleift að auðkenna sig og innskrá inn í kerfi og er hluti af vöruframboði Signet. Advania áskilur sér rétt til að ákveða virkni lausnarinnar hverju sinni.

SKILGREININGAR

Áskrifendur: Lögaðilar í áskriftarþjónustu Signet Login.

Einkvæmt auðkenni (*e. unique identifier*): Einkvæmur strengur sem notaður er til að bera kennsl á einstakling eða lögaðila, s.s. kennitala.

Fyrirtækjakerfisstjóri: Með hugtakinu er átt við notanda á vegum áskrifanda sem hefur réttindi í kerfinu til að vinna með, breyta eða bæta við upplýsingum um aðganga áskrifanda. Fyrirtækjakerfisstjóri skal hafa stöðuumboð fyrir hönd lögaðilans eða aðra heimild til að skuldbinda lögaðilann og skulu skilmálar þessir þá bæði gilda fyrir lögaðilann og fyrir þann sem aðganginn nýtir.

Kerfið: Með hugtakinu er átt við Signet Login.

Notandi: Með hugtakinu notandi er átt við hvern þann aðila sem notar kerfið. Heimild til aðgangs er bundin auðkenningargögnum notanda. Notandi þarf að vera sjálfráða og fjárráða.

Notkun: Hugtakið hefur þá merkingu sem því er gefið í grein um notkun í skilmálum þessum.

Rafræn auðkenning: Aðferð sem notar auðkenningargögn á rafrænu formi til þess að staðfesta kennsl einstaklings, lögaðila eða einstaklings sem fulltrúa lögaðila. Þannig er rafræn auðkenning notuð til að ganga úr skugga um að um sé að ræða tiltekinn einstakling eða lögaðila. Auðkenningargögn sem notuð eru við rafræna auðkenningu geta t.d. innihaldið nafn og kennitölu viðkomandi aðila.

Umboð er þegar umboðshafi hefur vald og heimild til að gera löggerninga eða ákveðnar aðgerðir í nafni umbjóðanda gagnvart þriðja aðila þannig það verður bindandi fyrir umbjóðanda en ekki fyrir umboðshafa. Í Signet login geta einstaklingar með staðfest tengsl við lögaðila veitt öðrum umboð fyrir hönd lögaðilans. Með staðfestum tengslum er átt við að einstaklingur sé prókúruhafi lögaðila eða með því að stofna til staðfesta tengsla við lögaðilann í gegnum heimabanka lögaðilans. Umboðið er tímabundið.

Prókúra er heimild til þess að annast allt það er snertir rekstur lögaðila og heimild til þess að rita firma. Að rita firma þýðir að koma fram fyrir hönd lögaðila við gerð samninga og annarra löggerna þar sem nafnritun á vegum lögaðilans er nauðsynleg.

Forumboð: Notandi með umboð lögaðila getur veitt öðrum notanda umboð (forumboð) til að mega veita og afturkalla umboð einstaklinga fyrir hönd viðkomandi lögaðila. Notandi með umboð ber ábyrgð á því að hann hafi heimild til að veita öðrum notanda forumboð og að aðgerðir notanda rúmist innan þeirra heimilda sem viðkomandi hefur í krafti umboðsins.

Umboðsveitandi: Sá aðili sem veitir öðrum aðila umboð er kallaður umboðsveitandi eða umbjóðandi.

Umboðshafi: Sá aðili sem kemur fram fyrir hönd umboðsveitanda í skjóli umboðsins er kallaður umboðshafi.

Signet: Með hugtakinu er átt við vörur sem seldar eru undir merkjum Signet, sem er í eigu Advania.

Skilmálar: Með hugtakinu skilmálar er átt við skilmála þessa.

AÐGANGUR OG NOTENDAUPPLÝSINGAR

Innskráning í kerfið fer fram með rafrænum skilríkjum. Réttur notanda til að fá aðgang að og nota þjónustuna er bundinn við auðkenningargögn og er notanda ekki heimilt að flytja þann rétt til annars manns eða lögaðila. Þannig er notanda ekki undir neinum kringumstæðum heimilt að veita öðrum rétt til að nýta aðgang sinn að kerfinu.

Notandi getur skráð upplýsingar um netfang og símanúmer á vef Signet login. Notandi getur hvenær sem er eytt út upplýsingum um netfang og símanúmer sitt.

Notandi skilur og samþykkir að hann er ábyrgur fyrir því að tryggja leynd þeirra rafrænu auðkenningargagna (til dæmis rafrænna skilríkja) sem gera notanda kleift að fá aðgang að kerfinu. Ef notandi verður á einhvern hátt var við að einhver óviðkomandi hafi komist yfir framangreindar upplýsingar, samþykkir notandi að hafa strax samband við útgáfuaðila auðkenningargagnanna og óska eftir að viðkomandi auðkenningargögnum sé lokað til þess að koma í veg fyrir að þau séu nýtt af einhverjum óviðkomandi á vefsvæði kerfisins. Advania áskilur sér rétt til að meina aðilum að stofna og eða nota aðgang að kerfinu.

NOTKUN

Til notkunar á kerfinu telst uppsetning og notkun aðganga til að auðkenna notendur inn á vefsvæði eða þjónustu sem og hvers kyns önnur nýting þeirrar þjónustu sem í boði er á vefsvæði Signet á hverjum tíma. Öll notkun kerfisins takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist, ásamt þeim upplýsingum og þjónustu sem boðið er upp á á hverjum tíma.

SKYLDUR ÁSKRIFANDA

Áskrifandi er ábyrgur fyrir því að upplýsingar sem veittar eru til uppsetningar á innskráningaraðgöngum og rafrænum umboðum séu réttar. Notanda ber að fullu ábyrgð á því að prófa uppsetninguna og sannreyna virkni svo sem að sannreyning á að auðkenningartókar uppfylli ávallt öryggiskröfur, að rétt sé unnið úr upplýsingum úr auðkenningartókum og aðgangsveitingu á grundvelli auðkenningartóka eða umboðs.

SKYLDUR NOTANDA

Notandi er ábyrgur fyrir því að notendaupplýsingar hans, þar á meðal netfang og/eða símanúmer, séu ávallt réttar.

VARÐVEISLA GAGNA

Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu á vef Signet.

Upplýsingar sem verða til í tengslum við þjónustuveitingu Signets login sem lýst er í skilmálum þessum, eru álitnar trúnaðarupplýsingar og ekki til opinberrar birtingar, nema þegar það er sérstaklega tilgreint.

GJALD

Áskrifendur (þjónustuveitendur) greiða áskriftargjald í samræmi við áskriftarsamning sem gerður er um veitingu þjónustunnar. Áskrifendur greiða fyrir að fá uppsettan innskráningaraðgang til gera notendum sínum kleift að auðkenna sig eða að veita rafræn umboð fyrir sín kerfi.

RAFRÆNAR TILKYNNINGAR

Rafrænar tilkynningar frá kerfinu verða sendar á það netfang sem notandi hefur vistað í kerfinu á „Mínar upplýsingar“, þegar við á. Með því að skrá sig fyrir aðgangi að kerfinu, samþykkir notandi að Advania megi senda notanda tilkynningar í tengslum við notkun kerfisins á skráð netfang notanda. Netfangið er ekki notað í markaðslegum tilgangi.

Notandi sem veitt hefur rafrænt umboð eða staðfest tengsl við lögaðila mun fá tilkynningu um að gildistími umboðsins eða tengslin sé að renna út. Tilkynningin inniheldur upplýsingar um að endurnýja umboðið eða staðfesta tengslin upp á nýtt.

Það er á ábyrgð notanda að tryggja að upplýsingar um netfang og/eða símanúmer séu rétt skráðar eða slegnar inn í kerfinu.

ÞJÓNUSTA VIÐ NOTENDUR

Leiðbeiningar um notkun Signet er að finna á vefslóðinni info.signet.is.
Notendur geta einnig sent fyrirspurnir á netfangið signet-help@advania.is.

VINNSLA GAGNA

Öll gögn eru vistuð á dulrituðu formi.

Advania mun við vinnslu persónuupplýsinga fylgja lögum um nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

ÁBYRGÐARTAKMARKANIR

Advania ábyrgist ekki að tiltekinn árangur náist af notkun á kerfinu að öðru leyti en tekið er fram í skilmálum þessum. Notendur skrá sig og nota þá þjónustu sem í boði er í kerfinu á eigin ábyrgð.

Advania ábyrgist ekki að innskráning notenda, veiting, breyting eða afturköllun umboða takist í öllum tilfellum og ber notandi ábyrgð á að fylgjast með stöðu og gildi umboða sem hann veitir til þriðja aðila.

Það kann að koma fyrir að þessar aðgerðir takist ekki vegna utanaðkomandi atvika, atvika sem varða galla, bilun eða annars konar rof í hugbúnaðinum, eða atvika sem varða notanda og er það alfarið á ábyrgð áskrifenda að tryggja að aðgerð hafi tekist.

Aðgangur að kerfinu gæti rofnað af og til af ýmsum ástæðum, t.d. vegna vélbúnaðarbilana, tæknilegra bilana, hugbúnaðarvillna, kerfisuppfærslna, eða vegna aðgerða sem Advania kann að kjósa að grípa til. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem slíkt kann að valda.

Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við vefsvæði, vafra eða stýrikerfi notanda eða tölvukerfi, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir í kerfinu geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana, villna í gögnum eða truflana í rekstri tölvukerfa. Advania ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði áskrifenda eða notanda eða af öðrum orsökum sem

kunna að valda því að upplýsingar í kerfinu eru ekki réttar eða að notandi nái ekki að tengjast þjónustunni.

TAKMÖRKUN OG AFMÖRKUN SKAÐABÓTASKYLDU

Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila. Advania ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.p.h.

Advania ber eingöngu ábyrgð á beinu fjárhagstjóni viðskiptavinar sem rekja má til ólögmacrtrar háttsemi Advania eða aðila sem Advania ber ábyrgð á. Advania ber í engu tilviki ábyrgð á rekstrartapi viðskiptavinar og/eða þriðja aðila, né heldur óbeinu, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni slíkra aðila, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna.

Utan þess sem greinir í skilmálum þessum skal ábyrgð Advania vegna hvers konar mistaka, villna, vanrækslu, truflana, tafa, tjóns eða galla á þjónustu, hugbúnaði eða vélbúnaði sem verður í tengslum við samning aðila, takmarkast við jafnvirði þeirrar þóknunar sem viðskiptavinur hefur sannanlega greitt til Advania fyrir þjónustuna sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

Framangreindar ábyrgðartakmarkanir gilda ekki að því marki sem ófrávíkjanleg lög kveða á um bann við takmörkun ábyrgðar.

FORCE MAJEURE

Hvorki Advania né viðskiptavinir þess eiga rétt til skaðabóta á hendur gagnaðila þegar vanefndir orsakast af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum atvikum sem ekki eru til staðar við samningsgerð, svo sem vinnudeilum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, farsóttum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum

samgönguhindrunum, orkuskorti og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum í samskiptum við undirverktaka.

HUGVERKARÉTTINDI

Allt innihald Signet, þar með talið útlitshönnun (t.d. texti, grafík, myndir, vörumerki), ljósmyndir, hugbúnaður, ritstýrt efni, tilkynningar og annað efni er varið samkvæmt höfundarréttar- og vörumerkjalögum á Íslandi og annars staðar.

Öll dreifing, endurútgáfa eða rafræn afritun af höfundar- og vörumerkjavörðu efni Signet, hvort heldur sem er að hluta til eða heild, er með öllu óheimil.

AFRITUN, VÖKTUN OG ÖRYGGI

Það er með öllu óheimilt er að nýta þjónustu kerfisins til þess að taka þátt í, hvetja til, auglýsa eða hafa milligöngu um hvers kyns ólögmaetar og eftir atvikum refsiverðar aðgerðir, aðgerðir með skaðlegan tilgang eða aðgerðir sem kunna að brjóta gegn almennu velsæmi.

Það er með öllu óheimilt að setja nokkurs konar skrá eða gögn á vefsvæði kerfisins sem gætu flokkast sem einhverskonar tölvuvírus, tölvuormur eða trúju hestur eða innihalda einhverskonar skaðlega eiginleika eða sem gæti á einhvern hátt truflað eðlilega virkni þjónustunnar.

Það er með öllu óheimilt að reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður í kerfinu. Ef notandi fær af öðrum ástæðum aðgang að undirliggjandi forritunarkóða, s.s. vegna bilunar þá ber honum að tilkynna slíkt til vefstjóra signet-help@advania.is.

Það er með öllu óheimilt að nota neins konar sjálfvirkan hugbúnað, forrit eða annars konar sjálfvirkar aðferðir til að fá aðgang, afrita eða fylgjast með nokkrum hluta af vefsvæði kerfisins nema með skriflegu leyfi Advania og/eða ef slík þjónusta var keypt af Advania.

Það er með öllu óheimilt að nota nokkurs konar forrit, hugbúnað eða annars konar aðferðir til að heimsækja, nota eða leita að gögnum á

vefsvæði kerfisins nema með almennum vöfrum (t.d. Firefox, Chrome, Opera eða Internet Explorer), almennum leitarvélum (t.d. Google eða Bing) eða samþættingu við vefþjónustuskil (API) kerfisins.

Það er með öllu óheimilt að trufla notkun annarra notenda sem nýta sér þjónustuna, eyða eða breyta efni sem aðrir hafa sent inn, gera eitthvað sem veldur óeðlilega miklu álagi á þjónustuna og tölvukerfið sem hún keyrir á eða nokkuð annað sem truflar eðlilegt aðgengi annarra notenda að þjónustunni.

Það er með öllu óheimilt að trufla, skerða eða á nokkurn hátt nýta þjónustuna með þeim hætti að slík notkun hafi skaðleg áhrif á Advania, viðskiptahagsmuni Advania, umhverfi, búnað og kerfi Advania eða truflar kerfisrekstur Advania og eftir atvikum viðskiptavina félagsins.

Advania áskilur sér rétt til að ákvarða hvort tiltekin samskipti teljast brjóta í bága við framangreindar reglur.

BROT Á SKILMÁLUM OG LÖGBROT

Verði notendur uppvísir að brotum á þessum skilmálum, misnotkun á kerfinu eða hegða sér á þann hátt að augljóst er að viðkomandi getur ekki eða ætlar ekki að uppfylla ákvæði þessa skilmála er Advania hvenær sem er, og án fyrirvara, heimilt að loka aðgangi slíks aðila að kerfinu og eftir atvikum eyða honum. Í slíku tilfalli verður notanda send tilkynning þess efnis á skráð netfang notanda. Riftun á þessum grundvelli undanskilur áskrifendur ekki frá greiðslu útistandandi gjalda.

Ef grunur vaknar að um lögbrot sé að ræða þá áskilur Advania sér rétt til tilkynna slíkt til yfirvalda.

VIÐSKIPTASIÐFERÐI

Advania hefur undirritað hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (<https://www.unglobalcompact.org/>). Advania áskilur sér rétt til að hafna eða slíta viðskiptum við áskrifendur sem eru með starfsemi

sem brýtur í bága við hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.

FRAMSAL

Advania er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur undir þessum samningi. Slíkt á ekki við um notanda, en notanda er ekki undir neinum kringumstæðum heimilt að leyfa öðrum afnot af aðgangi sínum.

BREYTINGAR Á SKILMÁLUM

Advania áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum og munu breytingar verða tilkynntar notendum við næstu innskráningu eftir að breytingarnar taka í gildi. Ef notandi kýs að samþykkja ekki breytta skilmála mun notanda ekki lengur geta skráð sig inn á Signet.

LÖG OG VARNARÞING

Skilmálar þessir lúta eingöngu íslenskum lögum. Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara verður dæmt ógilt, ólöglegt eða óhæft til fullnustu, dregur það ekki á neinn hátt úr gildi, lögmæti eða fullnustuhæfi annarra ákvæða skilmálanna.

Ágreining um skilmála þessa skulu Advania og viðskiptavinur leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

ALMENNIR VIÐSKIPTASKILMÁLAR ADVANIA

Um önnur atriði en fjallað er um í þessum skilmálum fer samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum Advania sem finna má á www.advania.is/skilmalar.